

Eyþing. Áhersluverkefni 2018

Verkefni 2018 - 3	Innviðagreining á Norðurlandi eystra
Markmið	<p>Meginmarkmið verkefnisins er að efla samkeppnishæfni landshlutans.</p> <p>Undirmarkmið eru:</p> <p>Að gera upplýsingar um svæðið aðgengilegar á einum stað.</p> <p>Að koma á samræmdu verklagi, gagnagrunni og forgangsröðun við söfnun upplýsinga.</p>
Stutt verkefnislýsing	<p>Í samræmi við skilgreinda ábyrgð sína skv. meginmarkmiði 4 í viðauka 1 með Sóknaráætlun Norðurlands eystra hafa þróunarfélögin (AFE og AP) í samstarfi við Íslandsstofu og Eim lagt drög að innviðagreiningu fyrir landshlutann og kynningarátaki á svæðinu fyrir fjárfestum.</p> <p>Inntak verkefnisins er að safna saman upplýsingum um innviði svæðisins, greina þá og nýta til að kynna svæðið. Til þess að kynna svæði sem góðan fjárfestingarkost og laða að fyrirtæki þurfa margvíslegar upplýsingar að liggja fyrir og mikilvægt er að þær séu sem aðgengilegastar.</p> <p>Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga vann og gaf út innviðagreiningu fyrir starfsvæði sitt árið 2012 og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar 2016. Greiningarnar voru unnar til að mæta brýnni þörf. Þörf er á að uppfæra greiningarnar og jafnframt útvíkka m.t.t. svæðisins alls og fjölbreyttari atvinnutækifæra.</p> <p>Íslandsstofa hefur m.a. það hlutverk að kynna tækifæri á Íslandi fyrir erlendum fjárfestingaraðilum og hefur kallað eftir samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga um samræmda söfnun upplýsinga.</p> <p>Verkefninu er ætlað að bæta úr þeirri brýnu þörf sem er á því að safna þessum upplýsingum saman og miðla þeim með skilvirkari hætti en áður hefur verið gert. Með því að koma innviðagreiningu fyrir Norðurland eystra á veflægt form verða upplýsingarnar aðgengilegri, gefa möguleika á gagnvirkni og jafnframt verður unnt að sinna uppfærslu reglulegar en þegar um skýrslu er að ræða.</p> <p>Sú vinna sem þegar hefur átt sér stað mun nýtast vel inn í verkefnið, en talsverð vinna verður þó við að samræma og uppfæra gögn og gera þau aðgengileg með nýjum hætti.</p> <p>Upplýsingarnar sem safnað verður saman eru mikilvægur grundvöllur ákvarðana og veita upplýsingar um atvinnulífið og auðlindir á svæðinu. Aðgengi að þessum upplýsingum á einum stað eru því lykilatriði við mótun og framkvæmd verkefna á sviði atvinnumála og til að veita upplýsingar um og kynna svæðið fyrir áhugasömum fjárfestum.</p>
Framkvæmdaaðili	Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar (551298-2729, www.afe.is) og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (610584-0399, www.atthing.is)

Samstarfsaðilar	<p>EIMUR (630517-0440, www.eimur.is) Íslandsstofa (690986-1599, www.invest.is)</p> <p>Við framkvæmd verkefnisins verður einnig samráð og samstarf við fjölmarga aðila, s.s. sveitarfélög á svæðinu og stofnanir sem búa yfir og höndla með viðkomandi gögn.</p> <p>Íslandsstofa hefur skuldbundið sig til samstarfs og þátttöku í verkefninu. Hlutverk þeirra verður að taka þátt í ritstýringu og yfirllestur á verkefninu. Einnig mun Íslandsstofa leggja til almennar upplýsingar sem snúa að landinu öllu en eru nauðsynlegar í verkefnið.</p>
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Verkefnið snýr einkum að meginmarkmiði 4 (bls. 17) í Sóknaráætlun um aðdráttarafli fyrir fjárfesta. Undirmerkið 4.1. felst í að greina og kynna Norðurland eystra fyrir fjárfestum. Verkefnið styður einnig við meginmarkmið 5 og 6 um fjölnýtingu orkuauðlinda og að ferðaþjónusta verði heilsársatvinnugrein á svæðinu með því að kortlagðar verða auðlindir.</p> <p>Loks má nefna að verkefnið fellur vel að vinnu við DMP verkefnið og við áhersluverkefnið Svæðisskipulag um ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra.</p>
Árangursmælikvarðar	<p>Afurðir verkefnisins verða nokkuð fjölbreyttar:</p> <p>Gagnagrunnur um atvinnulíf og auðlindir svæðisins sem mun jafnframt auðvelda áframhaldandi gagnasöfnun fyrir svæðið.</p> <p>Greining á núverandi stöðu svæðisins en Íslandsstofa hefur óskað eftir að landshlutar geri slíka greiningu og hafi hana aðgengilega erlendum fjárfestum.</p> <p>Gagnagrunnurinn og greiningin verða gerð aðgengileg öllum á vefsíðuformi en hún yrði einnig hugsuð til kynningar á svæðinu og möguleikum þess fyrir fjárfesta og aðra áhugasama um uppbyggingu á Norðurlandi eystra. Með slíkri vefsíðu væri efnið mjög aðgengilegt og skýrt.</p> <p>Í viðauka 1 við sóknaráætlun (4.1.1.) eru árangursmælikvarðar skilgreindir þannig:</p> <p>Fjölgun fyrirtækja. Heimsóknir fjárfesta. Heimsóknir á vefsíður fyrirtækjanna. Fjöldi fréttar af svæðinu.</p>
Lokaafurð	<p>Lokaafurðin verður gagnvirkur vefur þar sem gögnum innviðagreiningarinnar verður komið á framfæri á einfaldan en skilvirkan hátt. Þar verður í fljótu bragði hægt að fá glögga yfirlitsmynd af svæðinu en jafnframt hægt að nálgast ítagögn um þau efnisatriði sem óskað er eftir. Framsetning gagna verður bæði í formi texta og í myndrænni framsetningu með kortum og gröfum eftir því sem hæfir efninu. Þá verður leitast við, eftir því sem kostur er að tengjast við gögn sem þegar eru til á veflægu formi og uppfærð af öðrum. Með því sparast mikil vinna til lengri tíma og komið er í veg fyrir tvíverknað.</p> <p>Vefsíðan er hugsuð til kynningar á svæðinu og möguleikum þess fyrir fjárfesta og aðra áhugasama um uppbyggingu á Norðurlandi eystra.</p>

	Dæmi um fyrirmynd að slíkum vef má sjá hér: https://www.infrastructurereportcard.org/ og hugmynd að mögulegt útliti/virkni má sjá hér: https://prezi.com/view/NG9KRYPiOeBqz75A4rtV/
Tímarammi	Stefnt er að því að verkefninu ljúki haustið 2018 með því að vefurinn fari í loftið.
Áætlaður kostnaður	14,8 mkr. Sjá meðfylgjandi kostnaðaráætlun.
Framlag úr sóknaráætlun 2018	8.000.000 kr.